

Tillaga að breyttu REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf.
Kennitala: 610911-0480
Aðsetur: Vitabraut 7
233 Reykjanesbær
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1076/IS-36112
Leyfið gildir til: 18.8.2022

Starfsemi:

AE 6 - Senegalflúra / *Solena senegalensis*

Í gildi frá:

18.8.2012

AE 15 – Gullinrafi / *Seriola dumerili*

x.x.2021¹

Landeldi. Hámarks framleiðsla 2000 t. matfiskeldi. Senegalflúra: Spánn og Gullinrafi: Spánn.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar og að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar.

Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í

Prentað: x.x.2021

#0004297

¹ Heimild rekstrarleyfis er breytt frá upphaflegum texta skv. reglugerð 540/2020. Áður var heimildin bundin við 2000 tonn af senegalflúru og styrju á ári en nú er heimildin miðuð við senegalflúru og gullinrafa. Breyting tegunda hefur ekki í för með sér breytingu á leyfistíma. Upphaflega var rekstrarleyfið gefið út 18. ágúst 2012.

veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Karl Steinar Óskarsson, sérfræðingur fiskeldis

¹ Heimild rekstrarleyfis er breytt frá upphaflegum texta skv. reglugerð 540/2020. Áður var heimildin bundin við 2000 tonn af senegalflúru og styrju á ári en nú er heimildin miðuð við senegalflúru og gullinrafa. Breyting tegunda hefur ekki í för með sér breytingu á leyfistíma. Upphaflega var rekstrarleyfið gefið út 18. ágúst 2012.